

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfja-
kostnaði nr. 246/1982.**

1. gr.

Við 2. tl., 2. gr. bætist eftirfarandi staflíður:
„h. Svefnþýki (narcolepsi).“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1986.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

Nr. 19

REGLUGERÐ

7. janúar 1986

**um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga
nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.**

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

	Kr.
Vegna bifreiðar	200,00
Vegna bifhjóls	200,00
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	200,00
Vegna vélsleða	200,00
Vegna heimilisdráttarvélar	200,00
Vegna rafstöðvar	100,00
Vegna súgþurrkunartækis	100,00
Vegna heyblásara	100,00
Vegna trillubáta	800,00

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í 36. gr. laga 67/1971 sbr. 5. gr. laga 59/1978 um almannatryggingar og tekur gildi frá og með 1. janúar 1986.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 10/1984 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.